



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

9. janúar 2024

Náttúruverndarsamtök Íslands
Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi.

Umsögn um „Drög að lagafrumvarpi um lagareldi“

I

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir m.a.

„Mótuð verði heildstæð stefna um uppbyggingu, umgjörð og gjaldtöku fiskeldis. Við þá vinnu verður lögð áhersla á tækifæri til atvinnusköpunar og mikilvægi þess að greinin byggist upp á grundvelli sjálfbærni, vísindalegrar þekkingar og verndar villtra laxastofna.“

Orðalagið *heildstæð stefna* er iðulega notað til að gefa til að kynna að heildstæð hugsun liggja að baki stefnunni.

II

Ekki verður séð að nokkur umhverfisskýrsla eða vísindalegar rannsóknir liggja til grundvallar þessum drögum að lagafrumvarpi um lagareldi (hér eftir drögin). Hins vegar liggja fyrir rannsóknarniðurstöður sem staðfesta að opið sjókvíaeldi verður seint talin sjálfbær iðnaður. Útrýming villtra laxastofna blasir við. Engar þekktar mótvægisáðgerðir koma í veg fyrir það.

Fyrirliggjandi drög að lagafrumvarpi gera ráð fyrir enn frekari vexti í opnu sjókvíaeldi. Það er tilræði við íslenska náttúru.

III.

Stefna Alþingis kom skýrt fram í nefndarátliti, þegar fiskeldislögin voru samþykkt 2019 „að ekki sé langt þangað til eldi á frjóum laxi verði eingöngu stundað í lokuðum eð hálflokuðum kvíum. Að því bæri að stefna.“ Er eitthvað í þessum nýju drögum sem tekur mið af þessari stefnu Alþingis?

IV

Kynning ráðuneytisins á nýjum frumvarpsdrögum fer fram á sama tíma og stórfellt tjón verður á náttúru landsins af völdum sjókvíalaxeldis með framandi norskum laxastofni. Ástand laxeldis í opnum sjókvíum í íslenskum fjörðum hefur reynst afar illa. Kannanir gefa til kynna að 70% landsmanna séu andsnún þessari atvinnugrein og aðeins um 16% fylgjandi. Mikilvægt er að þetta komi fram í frumvarpsdrögunum.

Samtökin gera kröfu um að í frumvarpi ráðherra verði gerð ítarleg grein fyrir þeim skaða sem laxeldi í sjó hefur valdið og þá hvort ráðherra telji að unnt sé að bæta úr svo vel sé.

V

Ef opið sjókvíaeldi verður ekki stöðvað er þess skammt að bíða að íslenskum laxastofnum verði varanlega útrýmt og það valdi umfangsmiklum skaða á lífríkinu í fjörðum landsins.

- Stórsleppingar í Arnarfirði með amk 82 þúsund stroklaxa. Sl. haust varð Patreksfirði, eitt mesta umhverfisslys í sögu landsins þar sem þúsundir kynþroska sluppu.
- Gögn benda til að strokulaxar hafi gengið í a.m.k. 46 veiðiár, þar sem a.m.k. 456 eldislaxar veiddust.

3. Í Patreksfirði hafa verið skráð 8 frávik frá reglum, þar af 5 alvarleg brot. Fátt bendir til að unnt verði að koma í veg fyrir að þannig atburðir endurtaki sig. Í drögunum er ekki gerð grein fyrir því hvernig skuli komið í veg fyrir slík slys í framtíðinni.
4. Þá hefur sjókvíaeldið í Patreksfirði verið án rekstrarleyfis síðan í ágúst sl. og ferill útgáfu þess leyfis hefur staðið allt frá október 2018. Enn er fjölda spurninga ósvarað.
5. Í Tálknafirði, Patreksfirði, Arnarfirði og Dýrafirði, hafa geysað ólæknandi faraldrar lúsa. Fyrir vikið hafa eldisfyrirtæki neyðst til að slátra nokkrum milljónum eldislaxa í gúanó; laxa sem voru að dauða komnir af völdum lúsabits og sára.
6. ISA virusveiki (blóðþorri) í Reyðarfirði og Eskifirði, sem krafðist slátrunar alls sjókvíalaxeldis í þeim fjörðum ásamt Fáskrúðsfirði og Berufirði.

Sjókvíaeldi án leyfis ber að stöðva tafarlaust líkt og lög kveða á um.

Í lögum verða að vera skýr ákvæði um leyfisveitingar og viðbrögð við brotum á reglum.

Vert er að minna á eftirfarandi yfirlýsingu frá Matvælastofnun, dags. 17. maí 2017: “Þá er tíðræddur misskilningur um að í fiskeldi á Íslandi ríki lúsafár, sem villtum laxastofnum stafi hætta af. Staðreyndin er sú að laxalús hefur aldrei valdið vandræðum í íslensku fiskeldi.”

Við teljum brýnt að frumvarpið gerð verði grein fyrir hvernig megi tryggja áreiðanlegri upplýsingar en tilfellið var 17. maí 2017.

VI

Nú liggur fyrir að áhættumat erfðablöndunar 2019, byggði um margt á röngum forsendum og útreikningum. Hafrannsóknastofnun hefur því beðið um sérstakan frest til að rýna matið á ný..

Áhættumatið átti að tryggja að íslenskir laxastofnar myndu ekki skaðast af 106.500 tonna sjókvíaeldi. Í ljós kom að það stenst ekki 40 þúsund tonna ársframleiðslu. Til viðbótar hafa komið í ljós rangar tölur um veiðar á stroklaxi í Noregi, sem notaðar voru við gerð áhættumatsins hér á landi frá 2019. Eftir þá leiðréttingu er ekki grundvöllur fyrir skaðlausu laxeldi í opnum sjókvíum í íslenskum fjörðum.

Til að "auknar rannsóknir" og "aukið eftirlit" eða “ný tækni” geti skilað árangri verður að byggja á áreiðanlegum rannsóknum.

Allar veiðiár landsins eru nú þegar í bráðri hættu með óafturkræfri erfðablöndum við villta laxastofna.

VII

Við gerum eftirfarandi kröfur til stjórnvalda vegna yfirvofandi útrýmingar villtra laxastofna í íslenskum ám:

1. að sett verði ákvæði því til tryggingar og stuðnings í fyrirhuguð ný fiskeldislög: Frekari útgáfa leyfa til laxeldis í sjókvíum verði stöðvuð umsvifalaust.
2. að stefnt verði að sólarlagsákvæði fyrir laxeldi með frjóum laxi í sjókvíum við strendur landsins.
3. að öll eldisleyfi verði minnkuð um 2/3 (enda skylt samskvæmt nógildandi áhættumati) og síðan árlega, þannig að allt laxeldi í sjókvíum verði úr sögunni fyrir lok árs 2026.
4. að lagt verði gjald á sjókvíeldi líkt og í Noregi og Færeyjumsamsvarandi nýju 25% ar eð eldisfyrirtækin hafa fengið aðgang að auðlindum Íslands gegn mjög lágu gjaldi. ,
5. að sett verði nýtt auðlindagjald laxeldis með frjóum laxi í sjókvíum 25% af árlegu verðmæti framleiðslunnar.

6. að auðlindagjaldið renni í sérstakan sjóð, sem nota skal til atvinnuuppbyggingar í þeim byggðarlögum, þar sem sjókvíaeldi verður aflagt.
7. að ákvæði verði sett í reglugerð sem skyldar laxeldisfyrirtækin til að merkja með uggaklippingu á allan lax í sjókvíum. Var í reglugerð frá 2015, en var fellt niður af óþekktum ástæðum í reglugerð 2019.
8. að öll fyrirtæki með leyfi til sjókvíalaxeldis verði skylduð til að kaupa tryggingu gegn náttúruskaða sem þau gætu valdið. Það er mikilvægt því tryggingafyrirtækin munu meta áhættuna og þar með endurspegla kostnaðinn af umhverfisstjóni af völdum sjókvíaeldis (P&I trygging: Protection & Indemnity)
9. að lögfest verði friðunarsvæði vegna sjókvíaeldis. Eyjafjörður og Öxarfjörður verði hluti friðunarsvæða.
10. að komið verði verði á staðbundnu og daglegu eftirliti með rekstri sjókvíaeldisins á kostnað rekstraraðila, sambærilegt eftirliti Fiskistofu með veiðum, löndun og vinnslu í sjávarútvegi.

VIII.

Ástæður og rök fyrir ofangreindum kröfum:

Fyrir liggja eftirfarandi nýlegar skýrslur um stöðu og afleiðingar sjókvíaeldis með frjóum laxi:

Skýrsla Ríkisedurskoðanda í janúar 2023 um úttekt á stjórnslu vegna sjókvíaeldis.

Niðurstaða úttektarinnar staðfesti aðregluverk og eftirlit með iðnaðinum er í molum og að hagsmunaverðir iðnaðarins hafa haft óeðlilega mikla aðkomu að löggjöfni. Iðnaðurinn fær að hafa eftirlit með sjálfum sér og nú þegar hafa grafalvarleg umhverfisslys átt sér stað.

Ríkisedurskoðun tilgreinir 23 aðgerðir sem fara þarf til að stjórnslu og eftirlit standist lágmarkskröfur.

Rannsóknarskýrsla Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun villta íslenska laxins sem birt var loksins 7. júlí 2023. Skýrslan staðfestir því miður niðurstöður um erfðamengun í íslenskum laxastofna við norskan eldislax.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna 4,3% erfðablöndun íslenskra laxastofna og norskra eldislaxa í íslenskum ám, sem er yfir því 4% viðmiði, sem áhættumat erfðablöndunar setur.

Óyggjandi er að erfðablöndun er nú komin langt umfram 4% mörk erfðablöndunar. Þessi staða krefst tafarlauss samdráttar laxeldis í sjókvíum og stöðvun á allri nýrri útgáfu leyfa. Frekari leyfautgáfa er óheimil samkvæmt gildandi lögum samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun.

Erfðablöndun er staðfest í mörgum af þekktustu veiðiam landsins, mörg hundruð kílómetra frá sleppistað.

Rannsóknarskýrslur Jóhannesar Sturlaugssonar, líffræðings, sem hefur í nokkur ár rannsakað erfðablöndun í litlu ánum í Arnarfirði staðfesti erfðablöndun í nánast öllum ánum.

Skýrsla Boston Consulting Group í febrúar 2023.

Skýrslan fjallar aðallega um þrjár sviðsmyndir er varða laxeldi í sjókvíum: Óbreytt magn, tvöfalt magn og þrefalt magn eldisins.

Ekkert er fjallað um þá sviðsmynd, að sjókvíaeldi með norskum, kynbættum laxi verði bannað við strendur landsins eins og fjölmörg náttúrverndarsamtök og veiðifélög undir forystu Landssambands veiðifélaga gera kröfu um. Náttúran verndar sig ekki sjálf.

Lítið sem ekkert er fjallað um þá staðreynd að nú þegar hafa orðið alvarleg sleppislys úr sjókvíum á Vestfjörðum og ISA veirusýking á Austfjörðum og alvarlegir lúsafraldrar í

flestum Vestfjarða. Og hvergi er minnst á að erfðablöndun norska kynbætta eldislaxins og íslenska laxastofnsins mun útrýma ú íslenskum laxastofnum í veiðíám landsins. Sú blöndun og eyðilegging verður ekki aftur tekin.

Skýrsla BCG er svo einhliða, að ekkert vit er í að leggja hana til grundvallar sjókvíalaxeldi á Íslandi.

Lög og reglur þverbrotin.

Íslensk stjórnvöld og stofnanir sem koma að leyfisveitingum og umsögnum um laxeldi í sjókvíum í fjörðum hafa virt að vettugi lagaákvæði um náttúruvernd. Þar er fyrst að nefna markmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008, þar sem svo er fyrir mælt, að fari ekki saman annars vegar hagsmunir þeirra, sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar þeirra sem stunda sjókvíaeldi, þá víkja hagsmunir hinna síðarnefndu (sbr. skýringu í grg.)

Þá ber að nefna hina mikilvægu varúðarreglu í 9. Gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (að náttúran skuli njóta vafans).

Ógnin við líffræðilega fjölbreytni er að laxeldisfyrirtækin hafa í engu þurft að óttast opinbera eftirlitsaðila, þar eð löggjöfin tryggir ekki óháð eftirlit.

Ekki eru heldur virtar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um verndun líffræðilegs fjölbreytileika tegundanna; að koma skuli í veg fyrir eyðingu villtra dýrastofna.

Ísland er aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og þar með skuldbundið til að varðveita líffræðilegan fjölbeytileika og stefna ekki dýrastofnum í útrýmingarhættu.

Samkomulag um bann við norskum eldislaxi í sjókvíaeldi með samkomulagi 1988 og staðfest með reglugerð nr. 105/2000.

Samkomulagið byggir á niðurstöðum nefndar, sem landbúnaðarráðuneytið skipaði árið 1988 til að semja reglur um dreifingu á norskum laxastofnum hér á landi.

Nefndin skilaði drögum að reglugerð ásamt ítarlegri greinargerð undirritaðri af öllum nefndarmönnum fyrir hönd viðkomandi félaga og stofnana. Sjá 1. t.l.samkamlags nefndarinnar um bannið, sem hljóðar svo: „1. Hrognum eða seiðum úr norskættuðum eldislaxi verði aðeins dreift í strandeldisstöðvar...“

Nefndarmenn voru:

- Rafn Hafnfjörð, f.h. Landssambands stangveiðifélaga
- Böðvar Sigvaldason, f.h. Landssambands veiðifélaga
- Árni Ísaksson, veiðimálastjóri f.h. Veiðimálastofnunar

Guðmundur G. Þórarinsson form. Landssambands Fiskeldog hafbst. Samkomulag þessara heiðursmanna fyrir hönd umbjóðenda sinna var staðfest aftur með reglugerð nr. 105/2000, en virt að vettugi nokkrum árum síðar. Fullt tilefni er nú að minna á þetta samkomulag frá 1988 og það bann sem sett var með reglugerð árið 2000. Orð skulu standa.

Varnaðarorð Erfðanefndar landbúnaðarins

Því miður hefur reynst innistæða fyrir þessum varnaðarorðum gegn skaðvænlegum áhrifum sjókvíaeldis.

Dæmi þess er álit Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. Júní 2017, þar sem nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þar sem frekari útgáfa leyfa til eldis á frjóum laxi af erlendum uppruna í sjókvíum sé óforsvaranleg miðað við stöðu leyfisveitinga og skort á upplýsingum um áhrif eldisins á villta laxastofna í íslenskum ám.

Þá má nefna úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 2017 sem ógilti leyfi til sjókvíaeldis á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Ennfremur úrskurð ÚUA 2018 sem ógilti leyfi til laxeldis í Patreksfirði.

Afleiðingar fyrir þorskstofninn og aðra nytjastofna

Ingibjörg G. Jónsdóttir, sjávarvistfræðingur, hjá Hafrannsóknarstofnun, sérhæfð í lífríki hafsbotsins sagði í viðtali við Morgunblaðið í júní sl., að sjókvíaeldi hafi áhrif á lífríkið á hafsbotni og geti raskað umhverfi þorskseiða sem hefur áhrif á þorskstofninn, sem er mikilvægasti nytjastofn landsins. Fiskeldinu fylgi aukinn lífrænn úrgangur sem geti haft neikvæð áhrif á lífríkið auk þess sem notkun lyfja hefur neikvæð áhrif á hryggleysingja sem eru mikilvæg fæða þorskseiða.

Þá ber að geta þess, að netin sem notuð eru í kvíarnar í sjókvíaeldi eru gegndræpt með koparblendi, sem hefur örverudrepanði áhrif.

Þetta koparblendi er þungmálmur, sem veldur skaðlegri mengun .

Eru til raunhæfar mótvægisáðgerðir?

Reynsla og rannsóknir sýna, að engar mótvægisáðgerðir eða tæknilausnir eru til, sem koma í veg fyrir stök laxa úr sjókvíum eða stöðva göngu eldislaxa í veiðiar svo að forðast megi erfðablöndun við villta laxastofna. Vísindin tala hér sínu máli.

Ekki er verjandi að slá ryki í augu almennings. Mótvægisáðgerðir, að ekki séu nefndar svokallaðar tæknilausnir, búa til falskt öryggi og skálkaskjól, fyrst og fremst fyrir stjórnámálmennt, sem vilja ekki horfast í augu við staðreyndir.

Í einhverjum tilvikum geta mótvægisáðgerðir hægt lítillaga á útrýmingu villtra laxastofna, en ekki komið í veg fyrir skaðann af þessari úreltu og mengandi starfsemi.

Enginn samanburður.

Enginn samanburður hefur komið fram vegna áratuga reynslu af náttúruskaða laxeldis í sjókvíum í Noregi, Skotlandi, Írlandi, Kanada og Chile, þar sem eytt hefur náttúrulegum laxastofnum, ónýtt veiðiarog mengun fjarða vegna úrgangs og eiturefnanotkunar til að halda niðri lúsafári og öðrum sjúkdómum. Fyrir liggur að banna á sjókvíaeldi í British Columbia í Kanada og sjókvíaeldi er alfarið bannað í Argentínu.

Þessi reynsla um áratugi talar gegn sams konar sjókvíaeldi hér á landi reynist farsælla. Sjókvíaeldi er skaðlegt fyrir náttúruna og orðspor þjóðar á alþjóðavettvangi..

IX.

Frumvarpsdrögin.

Nokkur atriði, sem krefjast breytinga eða niðurfellingar.

Drögin bera þess merki að hagsmunaverðir eldisfyrirtækjanna hafi stýrt penna.

Drögin jafngilda afhendingu náttúruauðlinda landsins til alþjóðlegra laxeldisfyrirtækja með höfuðstöðvar í Noregi. Með ótímabundnum leyfum og heimild til veðsetningar leyfanna og sölu þeirra.

Drögin snúa gjörsamlega við grundvelli gildandi laga og tryggja ekki verndun villtra laxastofna.

Samráð við frjáls félagasamtök hefur verið lítið og samráð við veiðifélög aðeins að nafninu til.

Drögum að nýjum fiskeldislögum (lagareldislögum) er hafnað í heild.

Einu mikilvægasta markmiðsákvæði í 1. gr. núgildandi fiskeldislaga varðandi náttúruvernd hefur verið hent út. Þeirri grundvallarreglu laganna, að ekki fari saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar þeirra sem stunda sjókvíaeldi. Þá víkja hagsmunir hinna síðarnefndu (sbr. skýringu í greinargerð). Þá er lagt til að áhættumat erfðaböndunar verði ekki bindandi, heldur setji ráðherra reglugerð um heildarlaxafjölda á hverju svæði og hefur heimild til að ákveða laxamagnið, ef „styðja þyrfti við framleiðslu og samfélag“.

Þá er lagt til að fella burt ákvæði um „fjarlægð frá veiðiám“. Þar komi í staðinn lítt skiljanleg á um hámarksfjölda laxa sem ala má við gefnar forsendur, sem og skiptahlutfall sem felur í sér fastan umreikningsstuðul milli annars vegar hámarksfjölda laxa og hins vegar einstakra fjarða eða „smitvarnasvæða“. Þetta ákvæði þarfnast skýringar.

Drögin bjóða upp á að aukið magn laxeldis. Er það tilgangurinn?

Innleiða á nýtt hugtak sem nefnt er „laxahlutur“ sem skapar óþarft flækjustig. Við þurfum skýra lagasetningu.

Þá er lagt til að hætta að miða eldismagn við „lífmassa“ eða „árleg framleidd tonn“ (eins og var í eldri eldislögum). Nú skuli miða við „hámarksfjölda fiska“ varðandi takmarkanir vegna áhættumats erfðablöndunar. Í þessu sambandi er rétt að minnst þess, að með breytingu úr „framleiddum tonnum“ og í „lífmassatonn“ í núgildandi útgáfu fiskeldislaganna, stækkuðu framleiðsluheimildir um ca. 30%.

Þá er kynnt til sögunar annað nýtt og alls óþarft hugtak „smitvarnasvæði“ í stað afmörkunar eldissvæðis í hverjum firði. Og um leið er lagt til að aðeins eitt fyrirtæki fái eldisleyfi á hverju „smitvarnasvæði“. Tilgangurinn hér virðist vera að auðvelda einokun á „varanlegum leyfum“ og gera þau verðmætari og seljanlegri og um leið rugla fyrirkomulagið um magn eldisins því til aukningar.

Ótal atriði í drögunum eru standast hvorki kröfur um náttúruvernd né sjálfbæra þróun. .

Hér á eftir verður fjallað um ýmsar greinar frumvarpsdraganna

X.

Um ýmsar greinar frumvarpsdraganna.

1. gr.

Orðlag þessar mikilvægu markmiðsgreinar er verulega breytt frá núgildandi lögum, þar sem dregið er úr mikilvægi þess að tryggja skilyrðislausu verndun villtra nytjastofna. Lögð er áhersla á óbreytt orðalag núgildandi 1. greinar og sérstaklega óbreytt orðalag í greinargerð varðandi 2. mgr. 1. gr. auk viðbótarsetningar um sameign íslensku þjóðarinnar

Dæmi:

Núgildandi 2. mgr. 1. gr. hljóðar þannig:

Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Strandsjór og íslenskir firðir utan netlaga eru sameign íslensku þjóðarinnar. (viðbótarsetning undirstrikuð).

Í greinargerð segir um 2. mgr. 1. gr.:

Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu víkja hinir síðarnefndu.

mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna hljóðar þannig:

Leitast skal við að fyrirbyggja hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og vistkerfi þeirra ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta villta nytjastofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í lagareldi standist ströngustu staðla og kröfur sem gerðar eru til lagareldis. Skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra nytjastofna og annarra villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Í greinargerð segir um 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna:

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lögð sérstök áhersla á verndun villtra nytjastofna. Í framkvæmd er einkum átt við villta nytjastofna lax sem helst er talin stafa ógn af stroki fisks úr eldi. Endurspeglast þetta ákvæði hér m.a. í sérstökum kafla frumvarpsins um strok sem og ákvæðum laganna um áhættumat erfðablöndunar og þeim takmörkunum sem af því leiða.

4. og 5. gr.

Vald ráðherra til inngripa og afskipta virðist nær ótakmarkað.

Leggja á niður samráðsnefnd um fiskeldi, þar sem aðilar í nefndinni hafa að jafnaði verið á öndverðum meiði um hvaðeina sem lýtur að sjókvíaeldi.

6. gr.

Áhættumat erfðablöndunar ekki lengur bindandi og að mestu í höndum ráðherra (nú er áhættumat Hafrannsóknastofnunar bindandi).

Ákveða skal í reglugerð hversu mikið magn (heildarlaxafjölda) frjós lax má ala á hverjum tíma í sjó. Þá ákveður ráðherra í reglugerð hvaða stofnar villtra laxa í hvaða ám teljast til villtra nytjastofna. Einnig er honum heimilt að ákveða skiptingu heildarlaxafjölda milli landshluta og hömlur á flutningi laxahlutar og laxafjölda á milli landshluta.

Lagt er til að breyta leyfilegum lífmassatönnum í fjölda laxa í sjókvíaeldi. Fyrri eldislög miðuðu við heimiluð árleg framleiðslutönn, en með breytingu í lífmassatönn 2019 jukust eldisheimildir um ca. 30%.

Óljóst er hversu mikið eldismagnið eykst við breytingu enn einu sinni og nú í „laxafjölda“.

7. gr.

Friðunarsvæði lögfest og Eyjafirði og Öxarfirði bætt við. Fögnum því.

11. gr.

Ráðherra skal afmarka svokölluð smitvarnasvæði með reglugerð og ákveða hvernig hámarkslífmassi viðkomandi vatnshlots skiptist á milli smitvarnasvæða. Enn meira allsherjarvald í höndum ráðherra.

Tillagan er óþörf og leiðir aðeins til aukins flækjustigs og óvissu.

12. gr.

Aðeins einn rekstrarleyfishafi fái leyfi á hverju smitvarnasvæði.

Styður einokun í sjókvíaeldinu – einkum fyrir núverandi leyfishafa.

24. gr.

Smitvarnasvæði skal úthlutað með útboði skv. ákvörðun ráðherra.

Ávallt skal heimilt að víkja frá hæsta boði!

Rétt að hafa í huga að þrátt fyrir heimild og skyldu til útboða í nógildandi eldislögum, þá hafa slík útboð enn ekki farið fram.

Ítrekað er í 5. mgr. að ráðherra setji nánari ákvæði, hvað teljist hæsta tilboð.

27. gr.

Enn á að byggja á innra eftirliti sjókvíaeldisfyrirtækja. Varla getur slysa- og brotareynsla eldisfyrirtækja á undanförunum árum stutt þá hugmynd.

28. gr.

Matvælastofnun skal taka tillit til áhættumats erfðablöndunar og burðarþolsmats. Nauðsyn hér á skyldu til að fylgja að fullu nefndum mötum.

29. gr.

Birting útgáfu rekstrarleyfa áfram aðeins á vefsíðu MAST er ekki fullnægjandi. Þarf einnig að birtast í dagblaði eða vikublaði.

30. gr.

Bann við að tilgreina í rekstrarleyfi MAST hámarkslífmassa smitvatnasvæðis eða leyfilegan lífmassa eða laxahlut hverju sinni. Þess ákvæði valda ógagnsæi.

Skv. 4. mgr. skal MAST aðlaga umsókn um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis að

hámarkslífmassa viðkomandi smitvarnasvæðis. Sérkennileg skylda opinberrar stofnunar?
32. gr.

Um úthlutun aukins burðarþols. Ekkert segir um lækkun burðarþols.

33. gr.

Nýtt ákvæði um ótímabundin rekstrarleyfi.

Eitt hættulegasta ákvæði frumvarpsdraganna. Hér er gerð tilraun til að lögfesta úthlutun náttúruauðlinda í íslenskum fjörðum og strandsjó til allrar framtíðar, sem telja verður nánast sem varanlega gjöf.

Stenst ekki ákvæði stjórnarskrár landsins.

34. gr.

Ákvæði um ströngustu staðla er óviðunandi. Nauðsyn er að tilgreina nákvæmlega hvaða staðla er um að ræða og um hvaða atriði.

35. gr.

Enn á að reyna að byggja á svokölluðu innra eftirliti og skal rekstrarleyfishafi ótilkvaddur senda Matvælastofnun skriflega staðfestingu um að farið sé að innri reglum. Þessi tillaga er sett fram, þrátt fyrir ömurlega reynslu og nýleg risaumhverfistjón í sjókvíaeldinu. Ekkert vit er að treysta eigin „innra eftirliti“ sjókvíaeldisfyrirtækjanna.

38. og 39. gr.

Laxahlutur er hlutdeild rekstrarleyfishafa í heildarlaxafjölda.

Hugtakið laxahlutur virðist gæti aukið á einokun í greininni, aukið flækjustig með framsals-, leigu-, sölu- og veðsetningarheimild og auka eldismagnið.

Hugmyndin um „laxahlut“ er alls óþörf.

Þá er ákvæði 3. mgr. 39. gr. um veðsetningu laxahlutar fráleitt, þ.e. að leyft verði að veðsetja leyfi ríkisstofnunar til sjókvíalaxeldis. Minnir áþægilega á kvótakerfið.

Í 1. mgr. 39. gr. segir: „Að teknu tilliti til skiptihlutfalls áhættumats erfðablöndunar getur laxafjöldi viðkomandi rekstrarleyfishafa breyst við flutning á milli smitvarnasvæða.“

Hvað er skiptihlutfall áhættumats erfðablöndunar?

40. gr.

Óráðstöfuðum laxahlut skal úthlutað með útboði. Einungis aðilar sem fengið hafa úthlutað smitvarnasvæði hafa rétt til að bjóða í laxahlut.

(En smiðvarnasvæði skal bjóða út skv. 24. gr. og þar er ávallt heimilt að víkja frá hæsta boði og ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð hvað teljist hæsta boð!).

Hér er hlúð að fákeppni og einokun.

41. gr.

Aukning heildarlaxafjölda vegna nýrra svæða. Komi slíkt til, þá geta rekstrarleyfishafar á eldri og nýjum smitvarnasvæðum einir boðið í óráðstafaðan laxahlut. Fákeppni og einokun þar með styrkt.

43. gr. - 45. gr.

Tilkynningu um strokatburð skal nú aðeins tilkynna til Matvælastofnunar.

Niður fellur tilkynningaskylda til Fiskistofu, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Forræði Fiskistofu á ráðstöfunum til að bregðast við er af óútskýrðum ástæðum fellt niður og sett í hendur Matvælastofu. Þar með glatast reynsla starfsmanna.

Allan kostnað MAST og annarra eftirlitsaðil vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt 44. gr. skal rekstrarleyfishafi greiða.

Hvað með kostnað veiðifélaga eða veiðiréttarhafa?

Og hvað með kostnað sömu aðila við að hreinsa strokfisk úr ánum?

Og hvað á að gilda um aðgerðir til að freista þess að ná sviljum úr náttúrulegum stofni til langtíma frystingar og geymslu. Hér er ríkissjóður í ábyrgð, þar eð ríkisstofnanir hafa gefið út leyfi til starfseminnar þrátt fyrir ítrekaðu mótmæli og aðvaranir. En væri ekki ráð að

lögleiða hér ábyrgð og greiðsluskyldu rekstrarleyfishafa? Lagaskylda til að taka P&I umhverfistryggingar mundi hér taka bæði til kostnaðar ríkisins, veiðifélaga og veiðiréttarhafa.

47. gr.

Rekstrarleyfishafi hefur vikufrest frá tilkynningu til að senda MAST skýrslu vegna strokatburðar. Hér þarf að stytta frestinn í að hámarki í 3 daga.

48. gr.

Lækkun laxahlutar vegna þekkts strokatburðar í ám sem eru hluti af áhætumati erfðablöndunar. Hvað með aðrar ár?

Hér er búin til lítilsháttar sekt vegna strokatburða með smávegis lækkun „laxahlutar“ með flóknu kerfi, sem tæpast mun virka. Síðan er ákvæði um að veiði í net eftir strokatburð eða við vöktun í fiskteljara skuli ekki teljast með til takmörkunar. Á hvaða grundvelli er það?

49. gr.

Hér er svipað ákvæði vegna óþekkts strokatburðar.

Ekki virðist nein ástæða til að greina á milli þekkts og óþekkts strokatburðar.

50. gr.

Ákvæði um óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til strokatburðar. Reynt er hér að undanþiggja rekstraraðila ábyrgð, sem hann hefur tekið vitandi vits og er alþekkt. Engin ástæða er til slíkar undanþágu.

52. gr. – 55. gr.

Í þessum greinum er reynt að búa til svipaðar reglur og í gr. 48 – 50, þ.e. smávegis lækkun eða hækkun lífmassa vegna affalla. Flóknar, óþarfar og óeðlilegar reglur aðallega til aukningar á lífmassa.

56. gr. – 60. gr.

Um lús, eftirlit, upplýsingar og punktakerfisbreytingar á leyfilegum lífmassa.

Skortir skýr mörk um lúsafjölda á hverjum fiski (0,1 stk.) sem ekki ógnar heilbrigði dýranna.

59. gr. nefnir hækkun leyfilegs lífmassa samkvæmt punktum í heimatilbúnu „punktakerfi“, sem er ósæmileg umbun fyrir að fara eftir reglum.

64. gr. – 65. gr.

Óljósar heimildir í 64. og 65. gr. og allt of rúmar til afturköllunar rekstrarleyfis. 5 ára frestur í 64. gr. ætti að hámarki að vera 2 ár.

66. gr. – 85. gr.

Um umhverfissjóð og samfélagssjóð sjókvíaeldis.

Óskýrar reglur um gjaldtöku vegna afnota af náttúruauðlindum þjóðarinnar.

Til umhverfissjóðs um kr. 2,25 á hvert kg af hámarkslífmassa smitvarnasvæðis er hlægileg fjárhæð, þegar haft er í huga nýtt 25% gjald sjókvíaeldisins í Noregi og Færeyjum ofan á venjulegan tekjuskatt.

Til samfélagssjóðs má áætla um kr.4,00 á hvert kg af slátruðum laxi.

Hér er einnig rétt að hafa í huga nýlega lækkun Alþingis á gjaldi sjókvíaeldisins.

117. gr.

Óeðlilegt ákvæði að Matvælastofnun og íslenska ríkið séu undanþegin bótaskyldu, vegna ákvarðana Matvælastofnunar sem miða að því að vernda vistkerfi, þ.e. að aðrir en rekstrarleyfishafar verði að þola slíkar aðgerðir bótalaust.

Stenst ekki almennar skaðabótareglur.

118. gr.

Fráleitt er ákvæði um að Matvælastofnun sé skylt að tilkynna með almennum og opinberum hætti um fyrirhugað eftirlit með fjarstýrum loftförum.

120. gr.

Ákvæði um veðsetningu á rekstrarleyfi opinberrar stofnunar eða „laxahlutar“ án samþykkis stofnunarinnar er ekki boðlegt. Reyndar ætti samþykki stofnunarinnar ekki heldur að heimila þannig veðsetningu.

122. – 123. gr.

Heimild til birtingar ætti að breytast hér í birtingarskyldu.

127. gr.

Takmörkun ábyrgðartyggingar rekstrarleyfishafa. Óeðlileg takmörkun. Ætti að vera skylda að taka umhverfistryggingu. (P & I) vegna umhverfistjóns, sem rekstrarleyfishafi sjókvíaeldis veldur.

128. gr.

Merkingarskylda á öllum útsettum fiski í sjókvíaeldi rekstrarleyfishafa þarf að vera lögfest hér.

132. gr.

Ákvæði 2. – 5. mgr. um rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að eins árs stenst ekki evrópskar umhverfisreglur eins og alkunnugt er sbr. niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tvígang.

133. gr.

Í upptalningu í 19 liðum vantar að tilgreina „strok úr sjóeldiskvíum“. Í síðustu mgr. 133. gr. vantar að skilgreina, hverjir teljast skuli „aðili máls.“

136. gr.

Ath. að textinn í a. lið hefur brenglast. .

137. gr.

Af hverju er skal Umhverfisstofnun ekki hafa heimild til að beita þvingunar- og refsíúrræðum skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir?

139. gr.

1) Fiskteljarar.

Óskiljanlegt ákvæði um, að veiti veiðiréttarhafar ekki heimild til uppsetningar búnaðar skv. 1. mgr. skal villtur nytjastofn í viðkomandi á ekki vera hluti áhættumats erfðablöndunar samkvæmt lögum um lagareldi.

Ákvæði þetta er óeðlileg takmörkun á eigna- og umráðarétti landeigenda og veiðiréttarhafa, enda þótt flestir slíkir aðilar mundu samþykkja uppsetningu slíks búnaðar án þvingunar.

Hér vantar einnig ákvæði um greiðslu kostnaðar við rekstur búnaðarins, sem í mörgum tilvikum gæti verið langtum meiri en sem nemur uppsetningu hans.

4) Lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Hér er um að ræða flóknari heimildir til fjárfestinga erlendra aðila heldur en fyrir hendi eru í lögum varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu í landinu. Þessa víðtæku heimildir eru með öllu óþarfar og ótækar. Nægilegt væri að sömu reglur giltu og núgildandi lög nr. 34/1991 heimila.

Ákvæði til bráðabirgða.


- I. Heimild til sama smitvarnasvæðis til 1. júlí 2028.
Óþarft ákvæði, ef ekkert verður af fyrirkomulagi smitvarnasvæða.
- II. Undanþága frá umhverfismati framkvæmda er óheimil skv. evrópskum umhverfisreglum.
- III. Skal mbuna fyrirtækjum með auknum lífmassa fyrir að fara að reglum?
- IV. Hér er enn verið að seinka dagetningu umsókna um rekstrarleyfi til að hleypa að umsóknum, sem voru fallnar niður.
- V. Einkennilegt ákvæði um heimild til breytinga frá lífmassa til fiskatölu.
- VI. Ákvæði um að breyta öllum gildandi leyfum í ótímabundin leyfi.
Sérkennilegur forgangur til eilífðarleyfa.
- VII. Enn lækkuð gjöld til ríkisins fyrir eldislaxframleiðslu 2025 til 2027.
- VIII. Endurmati á stöðu eldisins frestað til 1. úní 2029.

Nauðsynlegt er að endurskoða stöðu sjókvíaeldisins nú þegar m.a. með skoðun á stöðu áhættumats erfðablöndunar í dag, sbr. þegar framkomna atburði og strokfisk. Að fresta slíkri skoðun í 4 ár er óábyrgt og andstætt núgildandi fiskeldislögum og náttúruverndarlögum sem og ýmsum milliríkja-samningum sem Ísland er aðili að.

X. Heimild ráðherra hér til að ákveða stærð sjókvíalaxeldis með reglugerð (heildarlaxafjöda fyrir frjóan lax sem ala má á hverjum tíma) strax eftir birtingu nýrra fiskeldislaga er alls ótímabær og ósæmileg heimild. Sama gildir um heimild til að ákveða með reglugerð hvaða vatnshlot skuli teljast smitvarnasvæði skv. 1. mgr.11. gr. og hvernig smitvarnasvæði eru afmörkuð.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson